

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	Áfangaheiti ISL 203 Kennsluáætlun Vorönn 2011	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennari	Anna Lilja Harðardóttir og Þórdís H. Jónsdóttir	Sk.st.	ALH og ÞHJ
----------------	---	---------------	------------

Áfangalýsing: Í áfanganum verður lesin norræn goðafræði og nemendur kynnast hugmyndaheimi norrænna manna til forna. Nemendur fá kynningu og þjálfun í meðferð heimilda við gerð heimildaritgerða og skrifa verkefni og ritgerð um goðafræði. Að lokum verður fjallað um mál og málsögu frá frumnorrænum tíma til okkar daga.

Markmið:

Að nemandi:

- þekki helstu atriði í sögu norrænnar goðafræði.
- þekki helstu goðin og hlutverk þeirra.
- kynnist helstu aðferðum við meðferð tilvitnana, tilvísana og heimilda í ritgerðasmíði.
- læri að vinna heimildaritgerð.
- þekki sögu íslenskrar tungu frá upphafi til okkar daga.
- þekki helstu einkenni íslenskunnar og tengsl hennar við önnur tungumál.

Námsgögn: *Íslenska tvö* eftir Ragnhildi Richter, Sigríði Stefánsdóttur og Steingrím Þórðarson, útgefandi Mál og menning 2007 eða síðar.

Áætlun um yfirferð:

6.1. – 7.1. Kynning á áfanga og námsefni

1. lota (4 vikur) 10.1. – 4.2.

Íslenska tvö: Norræn goðafræði; bls. 10-21, 56-90, 131-137, 188-200, 230-235, 300-310 og 328-333. Farið verður yfir helstu þætti norrænnar goðafræði, um upphaf heimsins og lok hans, skv. norrænni trú, og fjallað um helstu goð og vætti.

Nemendur halda stutta fyrirlestra um efnið sem gilda 10% af lokaeinkunn.

Lotunni lýkur á prófi úr norrænni goðafræði sem gildir 20% af lokaeinkunn.

2. lota (3 vikur) 7.2. – 25.2.

Íslenska tvö: Heimildavinna; bls. 37-47, 92-104 og 137-157. Farið verður yfir aðferðir við meðferð og frágang heimilda og gerð heimildaskrár.

Nemendur vinna stutt heimildaverkefni um norræna goðafræði sem gildir 10% af lokaeinkunn.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ	Áfangaheiti ISL 203 Kennsluáætlun Vorönn 2011	
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

3. lota (4 vikur) 28.2. -25.3.

Heimildaritgerð unnin um norræna goðafræði.

Ritgerðin gildir 30% af lokaeinkunn.

4. lota (5 vikur) 28.3. – 29.4. (Ath. páskafrí)

Íslenska tvö: Málsaga: bls. 48-51, 105-118, 123-130, 158-185, 218-227 og 280-288. Farið verður yfir sögu og einkenni íslensks máls og skyldleika við önnur tungumál.

Nemendur vinna tímaverkefni um efnið sem gildir 10% af lokaeinkunn.

Lotunni lýkur með prófi úr málsögu sem gildir 20% af lokaeinkunn.

Námsmat og vægi námsþátta:

Fyrirlestur um goðafræði	10%
Próf úr goðafræði	20%
Heimildaverkefni	10%
Heimildaritgerð	30%
Tímaverkefni um málsögu	10%
Próf úr málsögu	20%

Ekki er lokapróf í áfanganum. Áhersla er lögð á góða mætingu, ástundun og að verkefnum sé skilað á tilskyldum skiladegi, sbr. reglur um verkefnaskil. Nemandi þarf að tilkynna skrifstofu VMA ef hann getur ekki mætt í próf eða skilað verkefnum á réttum tíma vegna veikinda, annars missir hann einkunn fyrir þann námsþátt sem um ræðir.

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils